



Reglur um val og útnefningu heiðursborgara Flóahrepps

1. gr.

Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt, með einróma samþykkt, að útnefna sérstakan heiðursborgara Flóahrepps.

2. gr.

Sveitarstjórn getur útnefnt hvern þann íbúa, fyrrverandi sem núverandi, sem heiðursborgara Flóahrepps.

3. gr.

Við útnefningu skal hafa hliðsjón af störfum viðkomandi einstaklings í þágu sveitarfélagsins og/eða afrekum í þágu lands og þjóðar. Meðal annars skal horfa til þess að viðkomandi einstaklingur hafi haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið, störf og framganga hafi verið til fyrirmynadar og til efturbreytni og að viðkomandi hafi stuðlað að jákvæðri ímynd sveitarfélagsins.

4. gr.

Sveitarstjórn skal vera einhuga við val á heiðursborgara.

5. gr.

Sveitarstjórn skal fara með val á heiðursborgara sem trúnaðarmál fram að heiðrun viðkomandi, þó skal nánustu ættingjum væntanlegs heiðursborgara gert kunnugt um valið.

6. gr.

Heiðursborgari skal heiðraður við hátíðlega athöfn, s.s. við opinbera hátíð eða stórafmæli viðkomandi.

7. gr.

Heiðursborgari fær viðurkenningu til staðfestingar nafnbótinni. Á skjalinu kemur fram nafn viðkomandi, dagsetning fundar sveitarstjórnar, undirritun allrar sveitarstjórnar og sveitarstjóra.

8. gr.

Heiðursborgari hefur engar skyldur gagnvart sveitarfélaginu Flóahreppi sem slíkur.

9. gr.

Flóahreppur hefur eftirfarandi skyldur/heimild gagnvart heiðursborgara:

- Býður heiðursborgara til opinberra athafna/veislna á vegum Flóahrepps
- Heldur nafni/nöfnum heiðursborgara með titlinum heiðursborgari á lofti við tilhlýðileg tækifæri
- Er heimilt samkvæmt fjárhagsáætlun að veita heiðursborgara sérstakt framlag
- Er heimilt að veita fullan styrk sem nemur greiðslu fasteignaskatts af íbúðarhúsi heiðursborgara sem hann býr sannarlega í innan Flóahrepps.

10. gr.

Sveitarstjórn skal halda lista yfir heiðursborgara og skrá um hvenær þeir voru heiðraðir, hverjir sátu þá í sveitarstjórn og hvað lá til grundvallar heiðrun.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 07.05.2024

Hulda Kristjánsdóttir
SVEITARSTJÓRI
FLÓAHREPPS
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri